

Útskriftarnemar, aðstandendur, starfsfólk og aðrir gestir

Nú er komið að tímamótum. 10 ára skólagöngu ykkar í grunnskóla er að ljúka. Eins og farið hefur verið yfir hér í dag hafið þið gert ýmislegt á þessum árum. Þið hafið vaxið, dafnað, þroskast og lært heilan helling.

En nú tekur nýr kafli í lífinu við. Eftir sumarið munuð þið standa í sömu sporum og ég stóð í síðastliðið haust. Nýr staður, nýtt fólk og óvissa um hvernig þessi nýi kafli muni verða. Ég er þess fullviss að líkt og hjá mér muni sá kafli verða góður. Í haust var mér vel tekið frá byrjun, ég hef lært helling á þessu fyrsta ári í starfi og svoleiðis mun það verða hjá ykkur. Ykkur mun fljótt líða eins og þið hafið alltaf tilheyrt þeim stað sem þið farið á.

Ég fékk að njóta þess heiðurs að leysa af í nokkrum kennslustundum hjá ykkur á árinu. Þið eruð samheldinn og frábær hópur sem ég er fullviss um að á eftir að ná langt, sama hvað þið leggið fyrir ykkur. Í einni af fyrstu kennslustundunum spurði ég ykkur hver tilgangur lífsins væri. Sum ykkar sögðu að það væri að vera hamingjusamur, aðrir sögðu að það væru peningar, bílar eða aðrir hlutir. Þegar við ræddum málið nánar urðuð þið öll sammála um að það væri hamingjan sem skipti mestu máli. Hamingjan væri í rauninni tilgangur lífsins en t.d. peningar gætu ekki skapað sér hamingjuna einir og sér.

Þegar þið hefjið þennan nýja kafla er mikilvægt að hafa það í huga. Hamingjan er það sem skiptir mestu máli. Þegar þið veljið ykkur nám skuluð þið velja það sem þið viljið gera, það sem hentar ykkur best og mun gera ykkur hamingjusöm. Ekki það sem veitir hæstu upphæðina í launaumslagið eða eitthvað sem aðrir segja ykkur að gera. Það eru forréttindi að vinna við eitthvað sem veitir manni hamingju. Ef þið verðið óviss einhvern tíman á leiðinni, fylgið hjartanu, prófið ykkur áfram og breytið í samræmi við það.

Við lifum á tímum mikilla tækniframfara og heimurinn þróast á ógnarhraða. Meðan ég lék mér í Snake í Nokia símanum mínum á ykkar aldri, klippið þið myndbönd og gefið út eins og ekkert sé sjálfsagðara. Í framtíðinni munu hæfileikar eins og samvinnuhæfni, sköpunarkraftur og gagnrýnin hugsun verða þeir mikilvægustu. Þið búið yfir þessu öllu og ég bið ykkur um að halda áfram að þróa þetta með ykkur. Hlusta á fólkið í kringum ykkur, vanda

samskipti, prófa ykkur áfram og vera gagnrýnin á það sem þið sjáið í kringum ykkur. Með því mun ykkur farnast vel.

Ég hef bara verið með ykkur eitt skólaár en mér líður eins og ég hafi þekkt ykkur mun lengur. Þið verðið alltaf velkomin í skólann og ég hvet ykkur til að leita til okkar hér eins oft og þið teljið þörf á. Ég vil þakka ykkur fyrir samveruna, ég lærði mikið af ykkur og ég vona að þið hafið lært eitthvað af mér. Fylgið hjartanu.

Í lokin vil ég þakka foreldrum fyrir veitingarnar hér í kvöld og nemendum og foreldrum í 9. bekk fyrir sitt framlag. Ég segi skólaárinu 2018-2019 slitið.